

Nd.

615. Nefndarálit

[161. mál]

um frv. til l. um lán til hraðfrystihúsa og um afnám l. nr. 38 1948, um breyt. á l. nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í frv. felast tvö meginatriði:

1. Að samræma útflutningsgjald af sjávarafurðum og tryggja þannig Fiskveiðasjóði þær tekjur, sem honum voru ætlaðar með lögum (1941 og 1943), er honum var afhentur sá hluti útflutningsgjaldsins, er áður rann í rikissjóð.
2. Að gera jafnframt ráðstafanir til þess, að hraðfrystihúsum, sem ekki fengu lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins, verði að einhverju leyti bætt upp það tjón, er þau bíða við það, að framleiðslugjald samkvæmt gengislögunum af afla nýju togaranna og hvalafurðum hefur verið afnumið, en fé því, er innheimt yrði með framleiðslugjaldi, átti samkvæmt gengislögunum að verja til að veita lán til umræddra hraðfrystihúsa.

Nefndin hefur athugað málið og sent stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands frumvarpið til umsagnar. Stjórn Fiskveiðasjóðs mælir með frumvarpinu, en gerir jafnframt tillögur til breytinga, og vill meiri hluti nefndarinnar fallast á þær að nokkru leyti.

Samkvæmt lögum nr. 81 1947 var hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum ákveðið sem hér segir:

1½% til Fiskveiðasjóðs Íslands.

⅛% til Landssambands ísl. útvegsmanna.

⅛% til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnaðarrannsóknna og fiski-fræðirannsóknna.

½% (söltuð síld undanskilin, þar sem heimilt er að taka af henni sérstakt gjald til starfsemi síldarútvegsnefndar) til Fiskimálasjóðs.

Með lögum þeim, sem afnumin yrðu með samþykkt þessa frumvarps (nr. 38 1948), var saltfiskur undanþeginn 1½% gjaldinu til Fiskveiðasjóðs Íslands, en hins vegar er greitt gjald af honum til Landssambands ísl. útvegsmanna (⅛%), rannsóknarstofnunarinnar (⅛%) og Fiskimálasjóðs (½%).

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt 2. gr. endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Fyrstu fimm árin eru þau vaxtalaus, en eftir þann tíma eru vextir 4% á ári.

Alþingi, 2. febrúar 1950.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Sig. Ágústsson.

Halldór Ásgrímsson.